

Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 5. maí 2022

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Tillögur um einföldun á regluverki og bættri þjónustu hins opinbera, mál nr. 79/2022.

Í tilefni þess að innviðaráðuneytið hefur óskað eftir tillögum um hvernig megi einfalda regluverk og bæta þjónustu á vegum ráðuneytisins og stofnana þess koma hér nokkrar tillögur og ábendingar frá Bændasamtökum Íslands.

Almennt telja Bændasamtök Íslands að mikilvægt sé að einfalda og laga regluverk þannig að ekki séu lagðar óþarfar kvaðir á þegna landsins. Sveigjanleiki verði að vera til staðar í regluverki þannig að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra sem búa í þéttbýli og síðan þeirra sem byggja dreifbýlið en í síðarnefnda hópnum er stærstur hluti félagsmanna Bændasamtaka Íslands.

Jafnframt ber einnig að nefna mikilvægi þess að stofnanir ráðuneytisins séu meðvitaðar um þjónustuhlutverk sitt og að það hlutverk nær til allra landsmanna, hvar sem þeir eru búsettir.

Þá að einstökum málaflokkum:

Í fyrsta lagi er bent á að stjórnýsla Skipulagsstofnunar þurfi að vera skilvirkari í afgreiðslu mála sem koma frá sveitarfélögum.

Í öðru lagi er það svo að skipulagsmál eru í afar flóknum farvegi og þessi ferli oft á tíðum óaðgengileg almenningi vegna flækjustigs.

Umhverfismat framkvæmda og áætlana hefur mikið verið í umræðunni og ekki að ástæðulausu. Í þessu samhengi er eftirfarandi ábending úr skýrslu Landsnets frá því í ársbyrjun 2020 ítrekuð þ.e.: „*Einfalda regluverkið og gera það skilvirkara (One stop shop), þ.e. að stjórnýsluferlum verði eftir fremsta megni veitt í einn og sama farveginn sem fyrst og útkoman verði ein „samþykkt“. Aðkoma almennings og hagaðila verði snemma í ferlinu og verklaginu við samráðið breytt í samræmi við það sem best hefur reynst í heiminum.*“ (Greinargerð um tillögur til úrbóta til samráðshóps ráðuneyta í kjölfar truflana í norðanseltuóveðri í desember 2019. Landsnet. 16.1.2020.)

Til þess að atvinnuuppbygging geti orðið með eðlilegum hætti í hinum dreifðari byggðum þarf að vera eðlilegt aðgengi að raforku, fjarskiptum og öðrum þeim innviðum sem nauðsynlegir eru í nútíma samfélagi. Skipulagsmál og tengd ferli verða að vera í því horfi að þessir innviðir geti byggst upp í samræmi við þarfir nútímasamfélags. En slíkt er nauðsynlegt til verðmætasköpunar í dreifðari byggðum, öllum til hagsbóta.

Í þriðja lagi. Til þess að þróun landbúnaðar geti orðið með eðlilegum hætti þá er nauðsynlegt að betri og skýrari reglur verði settar um skipulag landbúnaðarlands. Skýrari stefnumörkun þarf á þessu sviði þannig að skipulagsmál verði gagnsærri og hafi eðlilegri framgang. Þessu tengt þarf að huga að því hvort takmarka megi umfang umhverfismats þegar kemur að loftslagsaðgerðum og nýtingu lands til landbúnaðar í samhengi þjóðaröryggis er varðar matvæla- og timburframleiðslu. Skoða þarf möguleika eins og að afnema stærðarmörk og tilkynningarskyldu til umhverfismats til skógræktar sem dæmi eða gera regluverk þannig úr garði að aðrir verkliðir í aðdraganda skógaræktar, svo sem náttúruskoðun og kortlagning og mat fornleifa sé innt af hendi ríkisins þannig að skógrækt geti hafist sem allra fyrst.

Í fjórða lagi. Byggingareglugerð og tengdar reglur. Líta þarf til meðalhófs þegar kvaðir eru lagðar á vegna bæði nýbygginga og endurbóta húsnæðis. Með auknum kröfum eykst byggingakostnaður í beinu samhengi sem veldur því að erfiðara er að fjármagna byggingar og endurbætur í dreifðari byggðum þar sem aðgengi að fjármagni er mun takmarkaðra en í þéttbýli.

Í fimmta lagi. Eitt af þeim málum sem hefur verið að þróast á rangan veg að mati samtakanna er samþjöppun þjónustu hins opinbera á fáum stöðum á landinu. Bæði hefur það valdið því að störf hjá ríkinu hafa færst frá minni byggðakjörnum í hina stærri og að sama skapi hefur þjónusta ríkisins færst fjær þessum svæðum og minni tengsl eru því við hinar dreifðari byggðir. Bændasamtök Íslands telja að betur færi á því að ríkið færi markvisst í uppbyggingu þjónustukjarna í minni byggðakjörnum með það að markmiði að grunnþjónusta sé í hæfilegri fjarlægð frá þeim sem byggja dreifbýlið. Með nútíma tölvutækni er þannig sjálfsögð krafa að ríkið opni á þann möguleika að starfsfólk þess geti haft starfsstöðvar í slíkum þjónustukjörnum. Þannig myndi slík uppbygging styðja við verslun og aðra þjónustu á þessum stöðum.

Í sjötta lagi. Mikilvægt er að haldið verði markvisst áfram að innleiða rafræn ferli vegna skráninga, umsókna og vottorða.

Má hér vísa til innflutnings á dráttarvélum og öðrum búvélum, bæði notuðum og nýjum, sem hefur í auknum mæli færst frá hefðbundnum umboðum yfir í innflutning án milliliða. Allt ferlið í kringum þennan innflutning er hinsvegar afar flókið og því fylgir ýmis skjalaöflun, skráningar og beiðnir sem að mestu leiti þarf að framkvæma á gamla mátann með pappír. Þarna eru mikil tækifæri til að einfalda ferla og gera rafræna.

Annað dæmi er endurnýjun hinna ýmsu skírteina og réttinda þar sem engin samræming er til staðar, t.a.m. hvað varðar form og enginn samræmdur gagnagrunnur fyrir til að mynda passamyndir. Ótækt er að þetta sé ekki komið í betra horf þar sem þessu fylgir oft verulegur kostnaður og óhagræði í dreifbýlinu.

Hér hafa aðeins verið reifuð nokkur atriði sem varða hið víðfeðma starfssvið innviðaráðuneytisins og stofnana þess og því er ekki um að ræða tæmandi upptalningu. Að því sögðu eru Bændasamtök Íslands reiðubúin að koma að nánara samráði um einföldun þess regluverks sem snýr að starfssviði og félagsmönnum samtakanna.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur